

Fundur í skólaráði 16. nóvember 2018

Skólastjóri býður fundarmenn velkomna.

Fundinn sátu: Sigríður Helga Olgeirsdóttir og Lára Guðrún Agnarsdóttir fulltrúar kennara, Heiða V fulltrúin starfsmanna, Guðmundur Steinn Sigfússon og Unda Brauna fulltrúar nemenda, Einar Logi Vignisson og Þórhildur Hagalín fulltrúar foreldra, Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri og fundinn ritaði Sigríður Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Kynnir dagskrá fundarins.

1. Kynning á niðurstöðu læsi 2 (lestrarskimun) sem lögð er fyrir í lok annars bekkjar. Niðurstöður eru mjög góðar og leggst margt til þegar svona góður árangur næst. Þessar niðurstöður eru m.a. notaðar þegar metin er stuðningsþörf í lestri.
2. Öryggi og aðbúnaður nemenda. Svar við erindi formanns foreldrafélags Austurbæjarskóla. Skólastjóri las bréfið og svar sem skólastjóra barst frá borginni, en erindinu var vísað til Daníels Benediktssonar verkefnisstjóra fasteigna og búnaðarmála skóla. Þar kom fram að ekki hefur náðst sátt milli borgarinnar (USK) og Orkuveitunnar varðandi úttekt á verkinu og framkvæmd verksins. Mæling og niðurstöður áttu að berast 11.11.2018 annars færi verkefnið til verkfræðistofu.
3. Foreldrafélagið beindi því til skólayfirvalda að Reykjavíkurborg setji fram samræmdar reglur í borginni varðandi námsmat og upplýsingargjöf. Þá var óskað eftir stefnu Austurbæjarskóla. Hún er skýr. Kennarar eiga að birta upplýsingar reglulega og nýta Mentor eftir bestu getu. Austurbæjarskóli er þátttakandi í þróunarverkefni – leiðsagnarmat og þar á endurgjöf að vera regluleg. Það er aðeins misjafnt eftir aldri nemenda. Foreldrar og kennarar hafa fengið leiðsögn hvernig gott er að nálgast upplýsingarnar á Mentor. Fulltrúi foreldra telur að málinu sé ekki fullsvarað og mun fara með málið í stjórn foreldrafélagsins aftur.
4. TUFF. Fulltrúi foreldra tekur að sér að kynna verkefnið, fer yfir forsögu þess og hvernig staðið hefur verið að innleiðingu á verkefninu. Verkefnið byggir á samvinnu skóla, íþróttafélaga, félagsþjónustu og frístundar. Í miðborginni ætla Austurbæjarskóli, Valur, félagsþjónustan og Frístund að byrja, en í kjölfarið munu fleiri félög koma inn. Valur og Fálkarnir (feður í Val) ætla að standa straum af kostnaði við æfingagjöld og æfingafatnað. Skólastjóri kynnir nýjar reglur frá 2016 um auglýsingar og gjafir í skólum. Þar hefur verið lögð áhersla á að ekki verði félögum mismunað. Mikilvægt er að í TUFF verði fleiri félög tekin inn. Skólastjóri leggur málið fyrir Skólaráð. Atkvæði greidd, allir samþykktu.
5. Umbætur í kjölfar heildarmats. Farið lauslega yfir stöðu máls og hvernig skólaráð geti bætt sína upplýsingagjöf. Tillaga frá foreldri - að skólastjóri sendi póst á alla foreldra varðandi hlutverk skólaráðs og hvaða fulltrúar eiga sæti í skólaráði. Skólaráð á tengla inn í stjórn foreldrafélagsins og stjórn nemendaráðs. Í nemendaráði sitja fulltrúar úr öllum bekkjum í unglingadeild. Á miðstigi er verið að innleiða lýðræðisnefnd. Fulltrúi foreldra leggur til að foreldrar verði upplýstir reglulega hversu mörg mál eru afgreidd á hverri önn. Þá mætti líka skoða hvað eru mikilvægustu verkefnin að mati kennara, foreldra, nemenda og stjórnenda. Samtali verður haldið áfram á næsta fundi.